

Nd.

318. Nefndarálit

[147. mál]

um frv. til l. um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í tíð fyrri „viðreisnarstjórnar“, árið 1968, var fyrst tekið upp á því að taka stóran hluta aflaverðmætis í Stofnfjár sjóð fiskiskipa og rýra þar með tekjur sjómanna og láta þá í raun greiða niður skipin ásamt útgerðinni.

Vinstri stjórnin lækkaði mjög stofnfjár sjóðsgjaldið, en núverandi ríkissti hækkaði það fljótlega aftur í 15% og 21% og skerti þá enn á ný sjómanna kjörin og efldi margumtalað sjóðakerfi með því á kostnað sjómanna. Nú er áformað að skera upp sjóðakerfið sem hefur þanist út með ólíkindum í tíð núv. stjórnar.

Er þarna vissulega stigið spor í rétta átt, en minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur á það áherslu, að hér verði aðeins um fyrsta áfanga að ræða, haldið skuli áfram á þessari braut.

Minni hluti sjávarútvegsnefndar vill einnig leggja áherslu á það, að ekki sé stætt á því að ætla ekki sjómönnum réttlátan hlut af þeirri fiskverðshækkun, sem af þessu leiðir, og mótmælir því að sjómenn séu látnir taka þátt í útgerðarkostnaði.

Sú lækkun á framlagi í Stofnfjár sjóð úr 15% í 10% er þannig, að 10% eru reiknuð af hærri stofni, þar sem sjóðabreytingin jafngildir um 24% hækkun á fiskverði.

Sé reiknað með því að gjald í Stofnfjár sjóð ætti að færast í 10% af aflaverðmæti eins og var fyrir síðustu hækkun lætur nærri að rétt væri að miða stofnfjár sjóðsgjaldið við 8%.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar mun leggja fram breytingartillögur þessa efnis á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. febr. 1976.

Garðar Sigurðsson.